

**Leikdómur í  
Morgunblaðinu  
14.02.2007**



“Gleðiefni” (fyrirsögn)

“..hinar ýmsu aðstæður sem söguhetjurnar lenda í eru sniðugar hver fyrir sig... Abbababb færir gesti sína aftur í (diskó) tímann og segir frá vinahópi lítilla krakka og árekstrum þeirra við helstu ógnvalda tímans: sovéska heimsveldið og stóru strákana.”

“Tónlistin er síðan kveikjan að öllu saman. Dr. Gunni hefur afar persónulegan stíl...”

“Lokasöngur sýningarinnar þykir mér til dæmis til mikillar fyrirmyndar..”

“Hljómsveitin er þétt og skemmtileg og söngur kraftmikill og lifandi.”

“Eins þóttu mér dansar Láru Stefánsdóttur bráðskemmtilegir.”

“Aðalhlutverk sýningarinnar eru í höndum þriggja leikara (Álfrúnar Helgu Örnólfsdóttur, Orra Hugins Ágústssonar og Jóhanns G Jóhannssonar) sem öll standa sig vel..”

“Sjoppukallinn Hr. Rokk er sannarlega í öruggum höndum hjá Sigurjóni Kjartanssyni..”

“Einhver besta hugmynd verksins er að gera ógnvaldana miklu, stóru strákana, að diskóboltum, þegar klisjan kallar á skítuga pönkara. Enda leiðist þeim Atla Þór Albertssyni og Sveini Geirssyni ekki hætishót að leika þá Steindór og Gulla..”

“Þá er Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir einkar sannfærandi sem hin gelgjulega Systa...”

“Búningar þeirra Dýrleifar og Margrétar eiga stóran þátt í að búa til kæruleysisblæinn á sýningunni..”

“Abbababb er fjörug stuðsýning sem ætti að kæta bæði börn og fullorðna. Sniðuglega samin utan um skemmtileg lög og ágætlega framreidd af leikurum og aðstandendum öllum.”

Þorgeir Tryggvason